

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bryggjuhverfi, dælustöð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs að mörkum Ártúnshöfða og til austurs að veginum Gullinbrú. Ástæða þess að skipulagssvæðið stækkar er fyrirhuguð dælustöð Veitna, en afmörkuð er lóð ásamt því að gerður er byggingarreitur fyrir dælustöð sem staðsett verður sunnan Sævarhöfða og vestan Gullinbrúar. Lagnabeltin verða tvö, annars vegar frá Ártúnshöfða og til norðurs að lóð dælustöðvar og hins vegar frá lóð dælustöðvar til vesturs. Aðkoma þjónustuumferðar að lóðinni verður frá núverandi einstefnu frárein frá Gullinbrú að Sævarhöfða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Urðarstígur 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. október 2022, breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186, vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni er gerður nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu sunnan hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 13. október 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2A, 2B, 2C og 2D við Álfabakka. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð og byggingarreitur er lengdur til norðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 13. október 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni sem lögð er til er afmörkun deiliskipulags aðlögðu að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegar og Flugvallarvegar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gelgjutangi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 9. nóvember 2022, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 1, vegna Gelgjutanga. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmörkuð er lóð fyrir dælubrunn fráveitukerfis ásamt því að gerður er byggingarreitur fyrir dælubrunn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sólvallagata 68.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 9. nóvember 2022, breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vega lóðarinnar nr. 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýjum byggingarreit fyrir gróðurhús á lóð.

Nr. 1363

23. nóvember 2022

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. nóvember 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 7. desember 2022